

Vits er þörf þeim er víða ratar

Á árunum 1870 til 1914 fluttust þúsundir Íslendinga búferlum til Vesturheims, stærsti hlutinn til Kanada. Ástæðurnar vora ma þær að Íslendingum hafði fjölgað mikið án þess að atvinnulífið efldist að sama skapi, auk harðinda á sjöunda og níunda áratug aldarinnar, vonbrigða með árangurinn í sjálfstæðisbaráttunni, Öskjugossins 1875 og vel heppnaðs áróðurs svokallaðra Ameríkuagenta. Í Vesturheimi skorti vinnuafli og þar stóð ódýrt landrymi innflytjendum til boða¹.

Fjöl margar fuglategundir fljúga langflug milli landa, jafnvel heimsálfa, og hafa gert í þúsundir ára. Það var hinsvegar ekki fyrr en á síðustu öld sem þekking mannsins á eðli og kröftum náttúrunnar gerði honum kleift að fljúga um háloftin í vélum fullum af farþegum. Á tíma vesturferðanna var það meiriháttar ákvörðun að taka sig upp og sigla til annars lands og þeir sem fóru burt komu fæstir til baka. Í breyttum heimi dagsins í dag er hinsvegar varla til sá maður sem ekki hefur komið til útlanda. Fólk fer til útlanda í þeim tilgangi að hvíla sig, skemmta sér, skoða heiminn og kynna framandi menningarheimum. Fólk leitar að ævintýrum, hamingju, betra lífi. Fólk fer til útlanda til að afla sér menntunar og viðsýni. Menntun er lykilhugtak í heimi hnattvæðingar en samskipti og viðskipti þjóða á milli verða stöðugt mikilvægari þáttur í daglegu lífi. Heimurinn er alltaf að minnka og verða aðgengilegri. Það sama gildir um Ísland. Ísland er ekki lengur afskekkt eyja á jaðri hins byggilega heims heldur torg alþjóðlegra samskipta. Hingað koma útlendingar til að mennta sig, skemmta sér, skoða sig um og auka þekkingu sína á alla lund.

Á hverju vori kemur til landsins fjöldi farfugla sem hefur sumardvöl á Íslandi. Aðrar tegundir hafa einungis viðkomu á Íslandi á leið sinni milli vetrarstöðva og varpstöðva á enn norðlægari slóðum. Þær tylla sér niður að vori og hausti, hvílast og nærast og safna kröftum fyrir áframhaldandi ferðalag. Þeirra á meðal eru margæsir og kanadagæsir sem verpa á nyrstu eyjum Kanada. Farfuglar eru hvorki Íslendingar, Vestur-Íslendingar, Kanadabúar né Evrópubúar heldur sannkallaðir heimsborgarar. Þeir hafa lært það kynslóð fram af kynslóð að fylgja brjóstvitinu og njóta þess besta sem hver árstíð hefur að bjóða á hverju svæði.

Verkið sýnir gæsir hefja sig til flugs. Þær eru hugsanlega að leggja upp í langa ferð, hvort sem henni er heitið á slóðir Vestur-Íslendinga í Kanada eða eitthvert annað. Verkið undirstrikar það að háskóli er í vissum skilningi viðkomustaður, torg hugmynda og strauma með öflugar tengingar við umheiminn, fortíð og framtíð. Það undirstrikar jafnframt mikilvægi þekkingarinnar en ferðalög farfugla eru ekki farin út í loftið. Þau eru farin í mjög ákveðnum tilgangi og byggjast á árpúsundareynslu. Gæsir eru miklir verkfræðingar sem auðveldla sér flugið með því að fljúga oddaflug. Um þær má því vel hafa hið fornkvæða að „vits er þörf þeim er víða ratar“.

¹ Upplýsingar af Íslandssöguvefnum, <http://servefir.ruv.is/vesturfarar/addragandi.html>